

## **Virkjun í Birnudal, beðni um umsögn**

27.01.2017

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá sveitarfélaginu Hornafjörður, dags. 10. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaða virkjun í Birnudal og hugsanlegar breytingar á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna þeirrar framkvæmdar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn. Svæðið sem um ræðir er á náttúruminjaskrá nr. 632 en þar segir: „Skálafellsjökull og fjallendi í Suðursveit, Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Mörk svæðisins eru frá Litlafelli.....í Brókarjökul. (2) Stórbrotið landslag, jarðmyndanir svo sem jökulminjar og gabbróhnulungar. Í tindum og jökulskerjum vaxa fjallaplöntur í 1100-1300 m hæð.”

Svæðið er að mörgu leiti eðlilegur hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, þó það sé ekki innan hans, þ.e. sem hluti af landslagi mótað af jöklinum. Náttúrufræðistofnun hefur ekki yfir að ráða gróðurkort né vistgerðakorti af svæðinu en til er gömul úttekt (frá RALA) sem ekki hefur verið kortlögð eða uppfærð né staffærð og gróðurkort því ekki til. Verið er að vinna að vistgerðarkortlagningu af landinu í heild sem byggir bæði á rannsóknum á vettvangi og yfirfærslu þeirra niðurstaðna á önnur svæði með fjarkönnun. Verið er að leggja loka hönd á þessa kortlagningu. Þar sem engin nákvæm úttek er á framkvæmdasvæðinu er ekki hægt að segja til um hvort þar finnist t.d. plöntur á válista.

Virkjun sú sem hér um ræðir er lítil. Hún er hins vegar að mestu inn á öröskuðu svæði þó að á því séu slóðar og vafalaust beitarhárif. Upplýsingar um jarðminjar, fornminjar, fuglalíf og eins og áður segir vistgerðarkort/gróðurkort liggja ekki fyrir og því ekki hægt að segja til um hvort einhverju sérstöku gæti verið raskað. Þó er ekki líklegt að virkjunin hafi t.d. áhrif á fuglalíf.

Vegna stærðar, umfangs og staðsetningu virkjunarinnar á að vera hægt að framkvæma hana án þess að því fylgi mikil röskun á landslagi og ekki líklegt að áhrif verði á fjallaplöntur sbr. ástæðu þess að svæðið er á náttúruminjaskrá. Hins vegar er ekki hægt að dæma um aðra þætti án þess að skoða heimildir og svæðið nánar s.s. jarðminjar og válistaplöntur.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að hér eru um að ræða svæði á náttúruminjaskrá, svæði er tiltölulega ósnortið og það er hluti af landslagi Vatnajökuls og þjóðgarðsins og fyllsta ástæða til að fara að öllum með gát. Verði það gert og þess gætt að kanna svæði betur áður en endanleg afstaða til framkvæmdarinnar er tekin sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að leggja gegn því að málið haldi áfram.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson